

Uppgjör áætlunar um refaveiðar 2023-2025



Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur.....	4
Markmið og áherslur.....	4
Áætlanir sveitarfélaga	5
Uppgjör	5
Refaveiðar	5
Endurgreiðslur	7
Mat á tjóni	7
Rannsóknir og grenjaskráning	8

Náttúruverndarstofnun 30. júní 2026

Skúli Þórðarson tók saman.

Náttúruverndarstofnun

Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur, Hvolsvöllur

Sími: 556 6800

nattura@nattura.is

nattura.is

Natura Conservaton Agency

Samantekt

Í upphafi skal þess getið að í tengslum við breytingar innan stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins fluttust öll verkefni tengd veiðum á ref og mink til Náttúruverndarstofnunar frá og með 1. janúar 2025 en þau höfðu verið í umsjá Umhverfisstofnunar um árabíl.

Umhverfisstofnun lagði fram áætlun um refaveiðar 2023-2025 sem byggði á fjármagni sem ríkið lagði fram á fjárlögum, um 30 milljónir kr. á ári. Fyrirkomulag áætlunarinnar var með sama hætti og árin á undan, þ.e. að sveitarfélögin lögðu fram áætlanir sínar um refaveiðar til þriggja ára og gerður var samningur við þau í samræmi við þá áætlanagerð.

Árið 2013 fór af stað vinna við gerð landsáætlunar vegna refaveiðar. Umhverfisstofnun lagði fram áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016 og endurnýjaði hana með viðbótum fyrir árin 2017- 2019, 2020-2022 og 2023-2025 sem er sú áætlun sem hér er til umfjöllunar.

Aðaláherslur áætlunarinnar voru aukið samstarf aðila, sanngjörn endurgreiðsla og betri upplýsingar til mats á stofnstærð og tjóni af völdum refa.

Í þessari skýrslu er áætlunin gerð upp með umfjöllun um hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur með það að markmiði að bæta úr við gerð nýrrar áætlunar.

Niðurstaða uppgjors áætlunar um refaveiðar til þriggja ára 2023-2025 er að:

- Nokkuð vel tókst að koma út fjármagni til sveitarfélaganna og almenn sátt ríkir um fyrirkomulagið. Þó voru áætlanir þeirra mun hærrí en árlegur raunkostnaður.
- Árleg veiði var 6.262 dýr árið 2023, 6.956 dýr árið 2024 og 7.268 dýr árið 2025.
- Samningar voru upphaflega gerðir við 57 sveitarfélög og fengu þau endurgreiddan hluta af kostnaði vegna refaveiða yfir samningstímann. Einhver sveitarfélög sameinuðust á samningstímanum.
- Samvinna milli sveitarfélaga um áætlanir um refaveiðar tókst alls ekki vel, engin sameiginleg áætlun var send inn.
- Upplýsingar um staðsetningu grenja er almennt góð, en þó vantar upplýsingar um hvort þau séu í ábúð hverju sinni.
- Líkt og mörg undangengin ár er skráning á tjóni af völdum refs verulega ábótavant. Mjög fáar skráningar bárust stofnuninni að þessu sinni. Í gegnum árin hafa tjónatilkynningar fyrst og fremst verið vegna ágangs refs í æðarvörp og örfáar vegna dýrbíta eða gruns um dýrbíta.
- Skil á dýrum vegnar rannsókna til Náttúrufræðistofnunar voru góð af flestum svæðum.
- Í lok tímabilsins lá hvorki fyrir nýtt stofnstærðarmat né mat á ákjósanlegri verndarstöðu stofnsins eins og stefnt var að.

Inngangur

Eins og kom fram í samantekt hér að framan þá var það árið 2013 sem vinna fór af stað við gerð landsáætlunar vegna refaveiða og í kjölfarið lagði Umhverfisstofnun fram áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016. Aðaláherslur áætlunarinnar voru aukið samstarf aðila, sanngjörn endurgreiðsla og betri upplýsingar til mats á stofninum. Þessi upphaflega áætlun var til kynningar á vef Umhverfisstofnunar og send sveitarfélögum ásamt hvatningu um að gera athugasemdir við fyrirkomulagið. Í framhaldinu var lögð fram ný nálgun varðandi skiptingu sveitarfélaga eftir landstærð og fólksfjölda þar sem sanngirni var höfð að leiðarljósi sem gaf góða raun.

Sveitarfélög lögðu svo fram áætlanir vegna þessara þriggja ára og í kjölfarið var gerður samningur samkvæmt þeim og fyrir fram ákveðnum endurgreiðsluhlutföllum með aukinn fyrirsjáanleika að leiðarljósi. Í grunninn var hugmyndin sú að sveitarfélög með lægri íbúapétteleika, þ.e. mikið óbyggt landssvæði, fengju endurgreitt hærra hlutfall af kostnaði. Heilt yfir var almenn sátt um fyrirkomulagið.

Markmið og áherslur

Umhverfisstofnun vann áætlun sem hafði að markmiði að bæta nýtingu og umgjörð þess fjármagns sem ráðstafað er til refaveiða. Áætlunin byggði á nokkrum verkþáttum. Þeir helstu eru:

- a. Bætt upplýsingaöflun er forsenda þess að nýta megi sem best þá fjármuni sem fengist hafa á fjárlögum til refaveiða á árunum.
- b. Bæta þekkingu á þáttum sem hafa áhrif á stofnstærð refs og setja markmið um ákjósanlega verndarstöðu hans til framtíðar.
- c. Auka þekkingu á raunverulegu tjóni af völdum refs og hvernig megi meta það svo hægt sé að leggja matið til grundvallar ákvarðanatöku um veiðar.
- d. Markviss grenjaskráning sem gefur upplýsingar um ábúðarhlutfall, þéttleika og búsvæðaval.
- e. Undirbúa tillögur að tilhögun refaveiða og ráðstöfun fjármagns til lengri tíma í lok verkefnisins.
- f. Bæta samráð um tilhögun refaveiða milli þeirra aðila sem málið varðar helst.

Auka þarf samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um refaveiðar. Áætlunin lagði upp með að taka tillit til sanngirnissjónarmiða til að tryggja að stærstur hluti þess kostnaðar sem varið er til refaveiða lendi ekki á íbúum í fámönnum en landstórum sveitarfélögum. Fámenn en landstór svæði gætu þannig fengið hlutfallslega hærri kostnað endurgreiddan en stór sveitarfélög sem eru landlítil og/eða þar sem ágangur refa er ekki vandamál.

Áætlunin byggði á fyrirliggjandi gögnum, en ljóst var að mikið vantaði upp á að nægjanlega góðar upplýsingar séu til um ástand refastofnsins og hvaða tjóni hann veldur. Forsenda þess að nægilegar upplýsingar fáiast um ástand og stærð stofnsins er að veiðimenn skili greinargóðum veiðiskýrslum ásamt upplýsingum um grenjavinnslu og eintökum af hræjum sem til falla vegna veiðanna. Í framhaldinu skili viðkomandi sveitarfélag upplýsingum til Náttúruverndarstofnunar.

Áætlanir sveitarfélaga

Umhverfisstofnun kallaði eftir þriggja ára áætlunum frá sveitarfélögum um kostnað vegna veiðanna, hvernig þeim yrði háttað (grenjaveiði/vetrarveiði) og með hvaða hætti tjón er skráð vegna refa.

Samningar voru gerðir við 54 sveitarfélög á þessu tímabili í samræmi við þær áætlanir sem lagðar voru fram (sjá töflu 2).

Í áætlunum sveitarfélaga var m.a. kallað eftir upplýsingum um mat á þörfinni fyrir því að veiða refi í sveitarfélaginu og hve miklu tjón talið er að þeir valdi. Einnig var kallað eftir upplýsingum um með hvaða hætti veiðarnar eru framkvæmdar í sveitarfélaginu og var þá verið að horfa í hvort megin áhersla væri á grenjaveiði eða vetrarveiði.

Uppgjör

Á fjárlögum var gert ráð fyrir um 57 milljónum króna á ári til refa- og minkaveiða og miðuðust endurgreiðslur við þau mörk. Endurgreiðslur vegna refaveiða árin sem áætlunin náði yfir námu í heild um 85 milljónum kr. (sjá nánar í töflu 2). Heildarveiði sveitarfélaga á tímabilinu voru tæplega 20.500 refir (sjá nánar í töflu 1).

Refaveiðar

Skil sveitarfélaga á veiðiskýrslum voru almennt góð hjá þeim sem höfðu gert samning. Sveitarfélög sem ekki skiluðu inn skýrslu eða engin veiði/vinna var fengu ekki endurgreitt. Heildarveiði sveitarfélaganna á tímabilinu voru tæplega 20.500 refir.

Tafla 1. Samantekt á veiði sveitarfélaga skipt eftir hlaupadýrum, grendýrum og yrðlingum 2023-2025.

Sveitarfélag	2023				2024				2025			
	Grendýr	Yrðlingar	Hlaupadýr	Samtals	Grendýr	Yrðlingar	Hlaupadýr	Samtals	Grendýr	Yrðlingar	Hlaupadýr	Samtals
Ásahreppur	13	34	0	47	4	11	2	17	17	37	3	57
Pingeyjarsveit / Skútustaðahreppur	104	167	22	293	45	106	102	253	56	135	114	305
Skaftárhreppur				0	49	40	15	104	67	101	79	247
Árneshreppur	10	28	65	103	12	21	32	65	6	18	43	67
Húnabyggð (Blönduós)	126	106	35	267	50	128	342	520	72	110	349	531
Akrahreppur				0					0	0	0	0
Fjótisdalshreppur	10	10	21	41	9	12	10	31	7	14	12	33
Skagabyggð (sameinað Húnab2024)	13	35	61	109	15	34	64	113	0	0	0	0
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	18	26	31	75	20	29	20	69	11	17	10	38
Kaldrananeshreppur	3	16	14	33	0	12	29	41		5	11	16
Sveitarfélagið Stykkishólmur/Helgafellssveit	9	16	50	75	13	21	59	93	4	9	28	41
Reykholahreppur	14	37	55	106	14	41	70	125	12	29	56	97
Strandabyggð	27	38	89	154	19	39	122	180	49	65	133	247
Dalabyggð	94	96	132	322	77	95	134	306	70	41	174	285
Skorradalshreppur	10	27	39	76	8	26	46	80	4	8	43	55
Bláskógabyggð	16	47	93	156	16	67	53	136	23	50	84	157
Súðavíkurhreppur	58	52	24	134	65	95	74	234	25	61	105	191
Tjörneshreppur	6	1	0	7	2	6	4	12	2	7	11	20
Hornafjörður	76	125	57	258	69	112	187	368	65	163	87	315
Eyja- og Miklaholtshreppur				0					31	27	23	81
Vopnafjarðahreppur	20	66	49	135	9	30	59	98	22	51	60	133
Langanesbyggð	25	25	112	162	45	117	44	206	43	91	2	136
Húnaþing vestra	84	162	116	362	83	188	146	417	91	196	103	390
Múlaþing	115	187	254	556	142	192	464	798	165	214	367	746
Grímsnes- og Grafningshreppur	53	57	13	123	38	33	14	85	46	48	12	106
Hörgársveit	6	17	10	33	14	32	14	60	10	16	6	32
Rangárþing ytra	38	73	25	136	53	86	98	237	56	119	92	267
Eyjfjarðarsveit	24	29	0	53	48	47	0	95	66			66
Hrunamannahreppur	16	32	25	73	42	54	38	134	34	41	17	92
Kjósahreppur	16	39	17	72	16	36	14	66	14	21	14	49
Mýrdalshreppur	13	30	27	70	15	40	36	91	19	43	38	100
Vesturbyggð	10	10	171	191	20	6	175	201	14	37	157	208
Borgarbyggð	0	0	106	106	56	157	27	240	58	91	219	368
Norðurling	51	11	150	212	24	66	142	232	45	98	33	176
Grytubakkahreppur	15	13	3	31	33	37	5	75	13	30	9	52
Rangárþing eystra	111	120	2	233	23	57	4	84	56	155	76	287
Sveitarfélagið Skagafjörður	77	154	158	389	67	136	136	339	53	117	153	323
Hvalfjarðarsveit	7	46	58	111	27	58	39	124	14	53	45	112
Tálknafjarðahreppur	0	0	55	55					0	0	0	0
Ísafjarðarbær	1	7	96	104	3	0	124	127	0	19	116	135
Flóahreppur	10	28	8	46	7	24	1	32	10	11	0	21
Snæfellsbær	109	26	0	135	13	22	0	35	41	38	12	91
Sveitarfélagið Ölfus	39	0	35	74	42	18	0	60	105	43	44	192
Dalvíkurbyggð	10	29	12	51	11	22	1	34	13	21	7	41
Fjarðabyggð	52	90	45	187	31	44	65	140	32	63	27	122
Fjallabyggð	2	5	21	28	6	15	30	51	9	14	28	51
Grundarfjarðarbær	14	42	21	77	18	39	17	74	33	31	6	70
Grindavík	0	0	35	35	0	0	0	0	0	0	0	0
Vogar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	3
Bolungarvík				0	0	0	1	1	0	0	12	12
Skagaströnd	6	0	0	6	2	4	0	6	4	0	0	4
Mosfellsbær	14	27	3	44	0	0	0	0	0	0	0	0
Sveitarfélagið Árborg	10	5	4	19	7	0	3	10	0	2	15	17
Akureyrarbær	0	0	0	0	2	3	0	5	0	4	0	4
Reykjavíkurborg			36	36				43	18	0	0	18
Súðurnesjabær	0	0	30	30	0	0	12	12	0	0	20	20
Svalbársstrandahreppur	0	2	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0
Reykjanesbær	0	0	25	25	0	1	18	19	0	0	36	36
Kópavogur	0	0	4	4	0	0	6	6	0	0	0	0
Hafnafjarðarbær	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	5
Garðabær	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Akraneskaupstaður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	1,555	2,193	2,514	6,262	1,384	2,459	3,098	6,984	1,605	2,564	3,099	7,268

Einhver misbrestur er enn á réttri skráningu í veiðiskýrslum þ.e. hvort um sé að ræða hlaupadýr, grendýr eða yrðlinga. Lögð verður aukin áhersla á það í nýrri áætlun að skilað verði inn réttum skráningum þar sem slíkt hefur áhrif á stofnstærðarmat og rannsóknir.

Endurgreiðslur

Áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir kostnaði á bilinu 176-199 m.kr á ári, raunkostnaður samkvæmt innsendum reikningum var hins vegar á bilinu 128-158 m.kr. Endurgreiðslur til sveitarfélaga námu um 27,1 m.kr. árið 2023, 30,4 m.kr. árið 2024 og 27,2 m.kr. árið 2025 (sjá töflu 2).

Tafla 2. Samantekt á áætlunum, raunkostnaði og endurgreiðslum til sveitarfélaga 2023-2025.

Sveitarfélag	Hlutfall	2023			Hlutfall	2024			Hlutfall	2025		
		Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla		Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla		Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla
Ásahreppur	27%	700,000	1,229,459	189,000	27.5%	735,000	598,154	164,492	25%	780,000	1,488,092	195,000
Pingeysjarssveit	27%	11,500,000	12,331,191	3,105,000	27.5%	12,000,000	9,689,084	2,664,498	25%	12,500,000	12,328,695	3,082,174
Skafftarhreppur	27%	3,800,000	0	0	27.5%	4,376,000	4,670,155	1,203,400	25%	4,825,000	5,915,136	1,206,250
Árneshreppur	27%	850,000	1,020,000	229,500	27.5%	900,000	650,000	178,750	25%	950,000	670,000	167,500
Húnaþing (Blönduós)/Skagab	27%	12,000,000	6,071,412	1,639,281	27.5%	12,000,000	10,382,214	2,855,109	25%	14,000,000	12,447,130	3,111,783
Fljótdalshreppur	27%	2,000,000	960,658	259,378	27.5%	2,000,000	881,218	242,335	25%	2,000,000	1,357,118	339,280
Skagabyggð(sameinað Húnaþ2024)	22%	2,500,000	1,855,370	408,181	22.5%	2,500,000	1,486,440	334,449	20%	2,500,000	0	0
Skeiða- og Gnúpsveirhreppur	22%	2,440,000	1,797,318	395,410	22.5%	2,684,000	2,324,052	522,912	20%	2,952,000	1,863,289	372,658
Kaldrananeshreppur	22%	1,250,000	374,708	82,436	22.5%	1,250,000	530,384	119,336	20%	1,250,000	248,759	49,752
Sveitarfélagið Stykkishólmur	22%	1,375,000	1,300,000	286,000	22.5%	1,450,000	1,430,000	321,750	20%	1,500,000	1,490,000	298,000
Reykholahreppur	22%	3,800,000	2,588,042	569,369	22.5%	4,100,000	4,965,374	922,500	20%	4,300,000	4,867,346	860,000
Strandabyggð	22%	4,500,000	3,069,944	675,388	22.5%	4,750,000	3,766,454	847,452	20%	5,000,000	4,191,659	838,332
Dalabyggð	22%	8,000,000	5,651,088	1,243,239	22.5%	8,500,000	5,477,720	1,232,487	20%	9,000,000	4,931,072	986,214
Skorradalshreppur	22%	2,000,000	1,696,320	765,190	22.5%	2,200,000	1,785,600	401,760	20%	2,500,000	1,227,600	245,520
Bláskógabyggð	22%	3,500,000	3,770,416	770,000	22.5%	3,500,000	3,307,414	744,168	20%	3,500,000	4,348,891	700,000
Súðavíkurhreppur	22%	1,800,000	700,000	154,000	22.5%	1,800,000	700,000	157,500	20%	1,800,000	700,000	140,000
Tjörneshreppur	22%	1,200,000	731,600	160,952	22.5%	1,400,000	629,610	141,662	20%	1,600,000	198,400	39,680
Hornafjörður	22%	3,400,000	2,838,000	624,360	22.5%	3,500,000	4,048,000	787,500	20%	3,600,000	3,465,000	693,000
Eyja- og Miklaholtshreppur	22%	0	0	0	22.5%	0	0	0	20%	0	934,960	0
Vopnafjarðarhreppur	22%	4,000,000	4,656,303	880,000	22.5%	4,500,000	5,107,436	1,012,500	20%	5,000,000	3,877,354	775,471
Langanesbyggð	22%	8,500,000	5,501,400	1,210,308	22.5%	9,000,000	5,843,188	1,314,717	20%	9,500,000	4,664,648	932,930
Húnaþing vestra	22%	11,500,000	6,021,060	1,324,633	22.5%	12,800,000	8,461,240	1,903,779	20%	14,100,000	8,785,328	1,757,066
Múlaþing	22%	15,000,000	9,655,454	4,172,200	22.5%	15,500,000	13,492,768	3,035,873	20%	16,000,000	13,318,075	2,663,615
Grimnes- og grafningshreppur	17%	1,700,000	1,832,280	289,000	17.5%	1,700,000	1,368,540	239,495	15%	1,700,000	1,596,960	239,544
Hörgársveit	17%	2,500,000	2,328,063	395,771	17.5%	2,600,000	3,333,134	455,000	15%	2,700,000	2,558,890	383,834
Rangárfjöring ytra	17%	4,200,000	4,443,670	714,000	17.5%	4,200,000	4,763,830	735,000	15%	4,200,000	6,098,330	630,000
Eyjafrjáðarsveit	17%	1,050,000	1,240,000	178,500	17.5%	1,200,000	1,322,380	210,000	15%	1,250,000	3,271,777	187,500
Hrunamannahreppur	17%	1,750,000	1,180,022	200,604	17.5%	1,900,000	2,805,314	332,500	15%	2,050,000	3,059,177	307,500
Kjósahreppur	17%	1,500,000	2,448,830	255,000	17.5%	1,600,000	2,305,718	280,000	15%	1,600,000	1,630,277	240,000
Mýrdalshreppur	17%	1,700,000	1,137,529	193,380	17.5%	1,700,000	1,495,732	261,753	15%	1,700,000	1,424,830	213,725
Vesturbýggð	17%	2,806,113	1,300,800	221,136	17.5%	2,946,418	1,447,000	253,225	15%	3,093,739	1,420,440	213,066
Borgarbýggð	17%	6,500,000	6,845,287	1,105,000	17.5%	6,825,000	4,585,430	802,450	15%	7,200,000	5,253,930	788,090
Norðurling	17%	9,000,000	4,758,040	808,867	17.5%	10,000,000	9,377,142	1,641,000	15%	11,000,000	7,551,450	1,132,718
Grýtubakkahreppur	17%	1,000,000	385,570	65,547	17.5%	1,000,000	1,114,760	175,000	15%	1,000,000	1,348,953	150,000
Rangárfjöring eystra	17%	4,500,000	4,789,445	765,000	17.5%	4,700,000	8,130,190	822,500	15%	4,900,000	5,558,002	735,000
Sveitarfélagið Skagafjörður	17%	6,700,000	5,713,082	971,224	17.5%	6,800,000	5,325,374	931,940	15%	6,900,000	4,884,593	732,689
Hvalfjarðarsveit	13%	3,916,824	2,568,000	308,160	13.5%	4,308,506	3,942,000	492,750	10%	4,308,506	3,822,000	382,200
Tálknafjarðarhreppur	12%	0	477,980	0	12.5%	0	0	0	10%	0	0	0
Ísafjarðarbær	12%	3,100,000	1,994,000	239,280	12.5%	3,200,000	2,159,000	269,875	10%	3,300,000	2,340,000	234,000
Flóahreppur	12%	500,000	722,128	60,000	12.5%	500,000	708,632	62,500	10%	500,000	621,798	50,000
Snefellsbær	12%	5,000,000	1,740,364	208,844	12.5%	5,000,000	3,291,000	411,375	10%	5,000,000	2,324,340	232,434
Sveitarfélagið Ólafus	12%	3,950,000	2,115,596	253,872	12.5%	4,100,000	2,182,201	272,775	10%	4,250,000	4,912,775	425,000
Dalvíkurbyggð	12%	1,000,000	1,056,904	120,000	12.5%	1,050,000	926,597	115,825	10%	1,100,000	1,078,380	107,838
Fjarðabyggð	12%	4,500,000	2,158,000	258,960	12.5%	4,500,000	1,797,800	224,725	10%	4,500,000	1,544,000	154,400
Fjallabyggð	12%	600,000	275,000	33,000	12.5%	600,000	507,000	63,375	10%	600,000	530,000	53,000
Grundarfjarðarbær	12%	900,000	900,000	108,000	12.5%	900,000	900,000	112,500	10%	1,200,000	900,000	90,000
Grindavík	12%	150,000	280,000	18,000	12.5%	150,000	24,000	3,000	10%	150,000	0	0
Vogar	12%	0	0	0	12.5%	0	0	0	10%	0	38,200	0
Bolungarvík	12%	100,000	0	0	12.5%	100,000	7,000	875	10%	100,000	91,000	9,100
Skagaströnd	12%	250,000	20,500	2,460	12.5%	400,000	129,600	16,200	10%	600,000	89,200	8,920
Mosfellsbær	12%	1,000,000	357,375	42,885	12.5%	1,000,000	227,108	28,389	10%	1,000,000	0	0
Sveitarfélagið Árborg	12%	750,000	585,427	70,251	12.5%	775,000	506,082	63,260	10%	800,000	625,863	62,586
Akureyrarbær	12%	250,000	0	0	12.5%	250,000	92,528	11,566	10%	250,000	0	0
Reykjavíkurborg	12%	0	133,920	0	12.5%	0	0	0	10%	0	0	0
Suðurnesjabær	12%	147,000	180,000	17,640	12.5%	177,000	72,000	9,000	10%	212,000	120,000	12,000
Svalbærðsstrandahreppur	12%	1,800,000	249,000	29,880	12.5%	2,000,000	186,750	23,344	10%	2,100,000	0	0
Reykjanesbær	12%	400,000	175,000	21,000	12.5%	400,000	133,000	16,625	10%	400,000	252,000	25,200
Kópavogur	12%	226,000	0	0	12.5%	226,000	0	0	10%	226,000	0	0
Hafnarfjarðarbær	12%	0	0	0	12.5%	0	0	0	10%	0	0	0
Garðabær	12%	0	0	0	12.5%	0	0	0	10%	0	0	0
Akraneskaupstaður	12%	0	0	0	12.5%	0	0	0	10%	0	0	0
Samtals		176,487,937	128,036,555	27,099,085		188,026,924	155,393,347	30,446,751		198,821,245	158,265,717	27,254,565

Mat á tjóni

Náttúruverndarstofnun vinnur samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í 12. gr laganna er skýrt kveðið á um að ráðherra geti ákveðið, að fengnum tillögum Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Umhverfisstofnun/Náttúruverndarstofnun hefur kallað eftir upplýsingum um tjón af völdum refa frá bændum og sveitarfélögum í áætlunum þessum undanfarin 10 ár en nær engar upplýsingar hafa borist. Miðað við skort á skráningum á tjóni er það skýrt mat Náttúruverndarstofnunar að forsendur séu í raun brostnar fyrir áframhaldandi veiðum á ref með því fyrirkomulagi sem er í dag. Stofnunin telur því ljóst að sem fyrst þurfi að fara í gagngera skoðun á fyrirkomulaginu með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir refastofninn.

Rannsóknir og grenjaskráning

Í áætluninni 2023-2025 var lagt til að sveitarfélög skyldu sjá til þess að Náttúrufræðistofnun (NÁTT) yrðu send hræ af tilteknu hlutfalli af veiddum dýrum, í samráði við NÁTT. NÁTT hefur það hlutverk að sjá um vöktun á refastofninum og hún er að stórum hluta unnin þannig að veiðimenn senda inn hræ af unnum dýrum sem eru síðan krufin. Með krufningu má safna ýmsum upplýsingum um stofninn. Á móti fengju sveitarfélög/veiðimenn upplýsingar um þá refi sem þau senda inn, auk skýrslu um ástand stofnsins.

Almennt gekk vel að fá sýni af flestum landsvæðum á tímabilinu. Þó vantar sárlega upplýsingar af Suðausturlandi, Reykjanesi og Vesturhluta Vestfjarða. Þar sem sendingarkostnaður á frystivöru er hár þarf að skipuleggja sýnasöfnunina vel, í samráði við NÁTT og einnig nærliggjandi náttúrustofur þar sem það á við.

Grenjaskráning var mjög misjöfn eftir sveitarfélögum þar sem sum skiluðu inn samanteknum upplýsingum með GPS hnitum en önnur eingöngu nöfnum á grenjum. Upplýsingar um nöfn á grenjum eru mikilvægar þar sem yfirleitt er farið á sömu greni ár eftir ár. Það sem er mikilvægast í framhaldinu er að leggja áherslu að skráð verði hvort ábúð sé á þeim grenjum sem heimsótt eru eða ekki. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvægar í mati á þróun stofnsins og stofnstærðar.

